



Dreifibréf

15. nóvember 2013  
Tilvísun: 2013030027/13.1

**Efni: Fjármálaeftirlitið gefur út umræðuskjal nr. 5/2013 um leiðbeinandi tilmæli um aðskilnað starfssviða.**

Fjármálaeftirlitið sendir yður til umsagnar drög að leiðbeinandi tilmælum um aðskilnað starfssviða, umræðuskjal nr. 5/2013.

Tilmælin eru til leiðbeiningar og nánari skýringar fyrir rekstrarfélög og fjármálafyrirtæki, með heimild til verðbréfiðskipta, varðandi þær lágmarkskröfur sem lög og reglur kveða á um varðandi hagsmunaárekstra, nánar tiltekið aðskilnað starfssviða (kínamúra). Tilmælin byggja á leiðbeinandi tilmælum nr. 1/2001 um efni reglna fjármálafyrirtækja skv. 15., 20. og 23. gr. laga nr. 13/1996 um verðbréfiðskipti, sem fallin eru úr gildi, auk þess sem tillit er tekið til þeirrar reynslu sem nú er komin á 8. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti og ákvæða 4. þáttar II. kafla reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og viðskiptahætti fjármálafyrirtækja.

Umræðuskjalið er meðfylgjandi og er umsagnaraðilum gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn við fyrsta hentugleika, þó eigi síðar en 29. nóvember nk.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á meðfylgjandi umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að leiðbeinandi tilmælum. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

Umræðuskjalið og umsagnareyðublaðið má einnig nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, sbr. nánari skýringar á forsiðu meðfylgjandi umræðuskjals nr. 5/2013.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

*Sigurveig Guðmundsdóttir*  
Sigurveig Guðmundsdóttir

*Berglind H. Jónsd.*  
Berglind Helga Jónsdóttir